

Ed. 756. Frumvarp til laga [409. mál]
um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist og hljóði svo:
Hlutverk Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði og öðrum atvinnugreinum.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna breytist og hljóði svo:
Iðnlánasjóði er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán innanlands eða erlendis til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna, svo sem röð greina var breytt með lögum nr. 55/1984, koma þrjár nýjar greinar sem verða 14., 15. og 16. gr. laganna og hljóða svo:

a. (14. gr.)

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánnum, sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

b. (15. gr.)

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þ.m.t. varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi.

c. (16. gr.)

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánnum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundum um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa, sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundum sem haldnir eru um málefni deildarinnar, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur, sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

4. gr.

Núverandi 14. gr. laganna verður 17. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði eftirgreindar breytingar á lögum um Iðnlánasjóð:

- Ákvæði 1. gr. laganna um hlutverk sjóðsins verði víðtækara en áður þannig að það verði ekki einskorðað við lán og annan fjárstuðning til iðnaðar.
- Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna verði breytt þannig að Iðnlánasjóði verði heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán erlendis.
- Bætt verði við lögum þremur nýjum greinum, sem verði 14., 15. og 16. gr., um að stofnuð verði og starfrækt við Iðnlánasjóð sérstök tryggingardeild útflutningslána.

Ofangreindar breytingar eru að mestu samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til í 16. gr., 27.—29. gr. og 49. gr. stjórnarfrumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna sem lagt var fyrir efri deild Alþingis 13. mars 1986 á þingskjali nr. 622, mál nr. 339. Þar sem líkur benda til að frumvarp til laga um sjóði atvinnuveganna verði eigi afgreitt á yfirstandandi þingi er lagt til að afmarkaðar lagabreytingar skv. því frumvarpi, sem brýnt er að ná fram að ganga nú þegar, verði gerðar með breytingu á lögum um Iðnlánasjóð á þann veg sem í frumvarpi þessu greinir.

Brýnt er að gera nú þegar breytingar á lögum um Iðnlánasjóð til þess að gera hann betur í stakk búinn til þess að sinna hlutverki sínu. Er þar fyrst til að taka, að hin þrönga skilgreining á starfssviði sjóðsins þrengir starfsemina óeðlilega. Má þar nefna, að oft getur verið álitamál, hvort atvinnustarfsemi flokkast undir iðnað. Þá er Iðnlánasjóði nauðsyn að geta tekið þátt í fjármögnun alls konar nýjunga í atvinnulífinu, þótt starfsemin falli ekki að hefðbundinni skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld hafa og munu leiða af sér. Eðlilegt verður að teljast að stjórn Iðnlánasjóðs hafi heimild til þess að taka þau lán til starfsemi sinnar, sem sjóðnum eru heimilud með lánsfjárlögum. Jafnframt er með þessu ákvæði verið að tryggja að Iðnlánasjóður eigi kost á hagstæðustu lánnum á hverjum tíma, en þurfi ekki að sæta lánskjörum sem eru óhagstæð eins og oft hefur verið.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána yrði einkum tvíþætt skv. frumvarpi þessu: Annars vegar að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum vöru eða þjónustu til þess að þessir aðilar gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Með hliðsjón af áherslu þeirri, sem nú er lögð á aukinn útflutning iðnaðarvara og öflun nýrra markaða, má ekki dragast að veita iðnaðinum kost á tryggingum útflutningslána. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað óskað eftir slíkri tryggingarþjónustu og talið að það hái þeim í útflutningsmálum að eiga ekki kost á slíkri þjónustu. Þörfin fyrir aðgang að slíkri tryggingarþjónustu er tvímælalaust brýnust á sviði iðnaðar og þess vegna þykir eðlilegt að Iðnlánasjóður starfræki slíka tryggingardeild útflutningslána. Eigið fé Iðnlánasjóðs í árslok 1985 var um 750 millj. kr. og eiginfjárlutfall 26,3%. Iðnlánasjóður hefur því alla burði til þess að annast sjálfur lántökur til starfsemi sinnar, svo og að reka tryggingardeild útflutningslána.

Aðrar útflutningsgreinar þurfa einnig að hafa aðgang að slíkri tryggingarþjónustu og hvað þær snertir er því ástæðulaust að breyta þeirri skipan í þessu frumvarpi. Nú er starfrækt við Ríkisábyrgðasjóð tryggingardeild útflutningslána samkvæmt lögum nr. 60/1970. Deild þessi var sett á stofn árið 1970 í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA og var henni, ásamt Útflutningslána sjóði, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera iðnaðinum til stuðnings í væntanlegum útflutningi og samkeppni við innflutning. Skemmst er frá því að segja að tryggingardeild útflutningslána hefur ekki reynst sem skyldi í núverandi mynd. Eru eflaust ýmsar ástæður því valdandi þó þörf fyrir útflutningslánatryggingar sé ekki síður brýn nú en fyrir fimmtán árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að hlutverk Iðnlánasjóðs verði skilgreint víðtækar en áður, þannig að sjóðurinn skuli efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði óg öðrum atvinnugreinum. Ákvæði þetta er samhljóða 16. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 1. mgr. 6. gr. gildandi laga verði felld úr gildi en hún er svohljóðandi:
„Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.“

Í stað hennar er lagt til að komi almenn heimild fyrir Iðnlánasjóð til lántöku innan ramma lánsfjárlaga. Ákvæði þetta er samhljóða 49. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622 en þeirri grein fylgir eftirgreind skýring m.a.:

„Hér er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að hver sjóður geti tekið slík lán beint og milliliðalaust telji stjórn hans slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t.d. Framkvæmdasjóðs eða Seðlabanka.“

Um 3. gr.

Um a-lið 3. gr., nýja 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 27. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Lagt er til að hlutverk tryggingardeildar verði fjórþætt. Er um að ræða sams konar hlutverk og mælt er fyrir í 2. gr. laga nr. 60/1970 um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, þó þannig að útflutningur á þjónustu er gerður jafnréttþár og útflutningur á vöru, sbr. 4. tl. sem er algjört nýmæli. Það skal ítrekað að tryggingardeild er ekki einungis ætlað að sinna iðnaði heldur og öðrum útflutningsgreinum.“

Um b-lið 3. gr., nýja 15. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 28. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Í þessari grein er mælt svo fyrir að iðgjöld tryggingardeildar skuli ákvörðuð með það fyrir augum að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Með þessu er lögð áhersla á að deildin verði rekin á viðskiptagrundvelli. Yrði væntanlega tekið mið af reynslu annarra Norðurlandþjóða við ákvörðun iðgjalda, a.m.k. í upphafi. Óhjákvæmilegt þykir að Ríkisábyrgðasjóður beri ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar hrökkvi eigið fé hennar ekki til, en í því tilviki skal stefnt að því að iðgjöld verði hækkuð svo að Ríkisábyrgðasjóður fái það endurgreitt sem hann hefur innt af hendi.“

Vegna ábyrgðar Ríkisábyrgðasjóðs á greiðslu tjónabóta er í fyrrgreindu frumvarpi kveðið svo á að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra. Hér er hins vegar lagt til að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki iðnaðarráðherra. Er þetta lagt til þar eð talið er nauðsynlegt að stjórnskipuleg ábyrgð á starfsemi Iðnlánasjóðs verði hjá einum og sama ráðherra, þ.e. iðnaðarráðherra. Eðlilegt þykir þó að sérstaklega tilnefndur fulltrúi fjármálaráðherra sitji þá stjórnarfundum Iðnlánasjóðs, sem haldnir eru um málefni deildarinnar, og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Um c-lið 3. gr., nýja 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 29. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Nauðsynlegt þykir að setja stjórnendum tryggingardeildarinnar nokkurt aðhald í lögum. Á öðrum Norðurlöndum hafa hliðstæðar stofnanir sett ákveðin skilyrði um hvernig þau lán skuli vera sem tryggð eru t.d. með skilyrðum um hámarkshlutfall lána af kaupverði, lánstíma o.s.frv. Er gert ráð fyrir að skilmálar tryggingardeildar taki mið af þessum skilyrðum, svo og sérstökum aðstæðum hér á landi. Þá þykir rétt að setja skuldbindingum

tryggingardeildar ákveðin takmörk. Gerð er tillaga um hámark er jafngildi eitt hundrað millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR) og er þá höfð hliðsjón af því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum.

Á meðan reynsla er ekki fengin af starfsemi hinnar nýju deildar þykir eðlilegt að hafa hámark þetta nokkru lægra hér á landi í hlutfalli við heildarútflytning vöru eins og gengur og gerist í nágrannalöndunum.“

Um 4. gr. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.